

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Grindavík



<b>Dags eftirlits</b>	26.11.2013	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálk Friðgeirsson	
<b>Fyrirtæki</b>	Skeljungur	<b>Fulltrúi UST</b>		
<b>Heimili</b>	Borgartún 26	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið	
<b>Kennitala</b>	5902691749	<b>Flokkur</b>	Olía	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Steinar Guðnason	<b>ÍSAT nr.</b>	51.51.0	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ástmar Kári Ástmarsson	<b>Staðsetning</b>	331175,074	375060,032

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust í eftirliti. Ein athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

## UMFANG EFTIRLITS

Við komuna í Grindavík var sest yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Skrá skal viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði, magn og gerð móttækinnar úrgangsolíu, magn og gerð spilliefna og einnig skal skrá mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim. Skráningar eru í góðu lagi.

Olíubirgðastöðin var öll yfirfarin á síðasta ári, geymar botnþykktarmældir, hreinsaðir og málaðir. Geymarnir voru endurmerktir að því loknu. Girðing um stöðina endurnýjuð og stöðvarhús málað.

Olíuleifar í frárennsli stöðvarinnar var prófað með Macherey-Nagel olíuprófi og greindist ekki olía í frárennslinu. Loki í frárennsli mengunarvarnaþróar stóð lokaður. Þjónusta skal olíuskiljuna á árinu.

Þær mælingar og prófanir sem krafist er í stöðinni hafa allar verið framkvæmdar.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró) og olíuskilja.

Girðing og hlið voru í góðu lagi.

## ATHUGASEMDIR

Þjónusta skal olíuskiljuna á árinu.

Reykjavík, 05.12.2013

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.